



HAFNARFJARÐARBÆR

Læsi sem samfélagslegt verkefni

Endurskoðun læsisstefnu Hafnarfjarðar

Læsi í skapandi skólastarfi – 15. september 2018

Bjartey Sigurðardóttir, verkefnisstjóri *Lestur er lífsins leikur*

Læsisstefna Hafnarfjarðar; *Lestur er lífsins leikur*

- Vinna við læsisstefnuna stóð yfir skólaárið 2014-2015.
- Heildstæð læsisstefna frá tveggja til 16 ára aldurs.
- Tveir tengiliðir frá hverjum leik- og grunnskóla komu að móttöku stefnunnar, auk fulltrúa frá foreldrum og ungmennaráði.
- Tengiliðafundir mánaðalega.
- Læsisstefna gefin út haustið 2015 – afhent öllum kennurum og foreldrum.

Stefnt var að því að:

- Móta heildstæða læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóla í Hafnarfirði.
- Styrkja leikskólann enn frekar sem mikivægan lið í að efla grunnþætti læsis.
- Efla faglegt samstarf milli leik- og grunnskólanna í bænum.
- Gefa leik- og grunnskólum skýr viðmið um hæfni nemenda í læsistengdum þáttum eftir aldri.
- Áhersla á snemmtæka íhlutun!
- Styðja við nemendur til að ná auknum árangri í læsi upp í gegnum bæði skólastigin.
- Styðja við kennara með margvíslegri fræðslu og ráðgjöf varðandi læsi.
- Hvetja foreldra til aukinnar þátttöku í heimalestri barna sinna.

Endurskoðun læsisstefnunnar 2017 - 2018

Lestur sem samfélagslegt verkefni – útvíkkun læsisstefnunnar

Að börn verði vel læs er mikilvægt samfélagslegt verkefni:


- Leik- og grunnskólar
- Foreldrar ungra barna (6 – 24 mánaða)
- Foreldrar leik- og grunnskólabarna
- Frístundaheimilin
- Dagforeldrar
- Bókasafn Hafnarfjarðar
- Heilsugæslan í Hafnarfirði

Fræðsla til foreldra barna á aldrinum 6 – 24 mánaða um málþroska og læsi



- **Hvers vegna fræðsla?**
 - Vaxandi áhyggjur af því að börn komi inn í leikskólana með slakari málþroska og fátæklegri orðaforða en áður var.
 - Umsagnir leikskólakennara og talmeinafræðinga sem vinna á vettvangi.
 - Niðurstöður mælinga með *Orðaskilum – málþroskapróf*. - Staðlaður orðaforðagátlisti sem er lagður fyrir öll þriggja ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.
- **Hvað gæti valdið þessum breytingum?**
 - Ýmsar samfélags- og tæknibreytingar sem geta haft áhrif á samskipti inni á heimilum/ milli foreldra og barna:
 - Aukin áhrif ensku t.d í gegnum myndbönd og tónlist.
 - Snjalltækjavæðing og stafrænir miðlar, t.d. öpp með ensku tali.
 - Snjalltækin sem „barnapía“.
 - Gagnvirk tækni þar sem nota þarf enskt talmál (voice control).
 - Snjalltækjanotkun foreldra sem leiðir til minni samskipta foreldra og barna sem byggja á gagnvirkni í tjáskiptum.

Orðaskil – Öll þriggja ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar




Börn í áhættuhópi:

- 2015-2016:
318 börn 39,62 %
- 2016-2017:
359 börn 39,55 %
- 2017-2018:
363 börn 40,22 %


Snjalltækjavæðingin – Er raunveruleg hættu á að hún hafi áhrif á málþroska barna?

- Snjalltækjavæðingin truflar máltöku barna ef hún verður til þess að börn og fullorðnir tala lítið saman (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2016).
- Ef börn fá ekki nóg íslenskuílag (lágmark 50%) á máltökuskeiðinu er hættu á að þau nái ekki að byggja upp öflugt íslenskt mál til að geta staðið sig í íslensku skólakerfi (Elín Þöll Þórðardóttir, 2018).
- Hættu á „tvítyngi“ þar sem hvorugt tungumálið er vel þroskað.
- „Undanfarið hefur það færost í aukana að ég fái til mín alíslensk börn sem kunna ekki íslensku nema að litlu og yfirborðskenndu leyti. Þeim sýni ég myndir af algengum hlutum og bið þau að segja mér hvað þeir heita. Oft fæ ég svör á borð við: „Ég veit alveg hvað þetta er sko, ég bara kann þetta ekkert á íslensku.“ (Linda Björk Markúsardóttir, 2015).



Mismunur á málumhverfi barna - Mismunur á orðaforða

- Gífurlegur munur á orðaforða barna við þriggja ára aldur eftir félagslegum bakgrunni foreldra:
 - Hástétt: 1.116 orð
 - Miðstétt: 749 orð
 - Lágstétt: 525 orð
- Stærð orðaforða við þriggja ára aldur spáði fyrir um tungumálafærni við 9-10 ára aldur (Hart og Risley, 1995).



Er nóg að barnið heyri talmál í umhverfi sínu?

- Ný rannsókn (Romeo o.fl., 2018) sýndi að börn sem áttu í gagnvirk tjáskiptum (conversational turns) við notkun tungumálsins voru með mun meiri virkni á ákveðnum svæðum heilans (Brocas svæðið) þegar þau hlustuðu á sögulestur en börn sem höfðu heyrt talmál í umhverfi sínu en tekið minni þátt í gagnkvæmum tjáskiptum.
- Rannsóknin sýndi sterka fylgni milli þess hve oft barnið tók þátt í gagnvirkum tjáskiptum (conversational turns) og stigafjölda á stöðluðum málþroskaprófum. Því meira sem barnið tók þátt í gagnkvæmum tjáskiptum því jákvæðari áhrif hafði það á málþroska þess.
- Það er ekki nóg að talað sé við börnin (eða þau séu að hlusta á mál t.d. í snjalltækjum/myndböndum), heldur þarf að vera um gagnkvæm tjáskipti að ræða ef málþroski barnanna á að ná sem mestum framförum.

Hvað hafa gagnkvæm tjáskipti fram yfir það ef barnið heyrir bara málið en tekur ekki þátt í tjáskiptum?

- Börnin læra hvernig á að hefja samræður.
- Börnin læra að tala og hlusta til skiptis.
- Börnin læra hvernig á að koma skilboðum áleiðis og tjá skoðun sína.
- Börnin læra að skýra betur eða endurtaka skilaboð sem ekki hafa verið móttækin.
- Börnin þjálfast í að nota orð og látbragð sem styður við tjáskipti þeirra.
- Börnin læra að spyrja spurninga.
- Börnin öðlast aukið sjálfstraust til að eiga í tjáskiptum.

Ný íslensk rannsókn á áhrifum stafrænnar tækni á íslenskt mál

(Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018)

- Markmiðið m.a. að rannsaka hvort aukið enskuáreiti í samfélaginu hafi jafn mikil áhrif á leikskólabörn og börn í fyrstu bekkjum grunnskóla, sem eru enn á aðalmáltökuskeiði, og á eldri börn, unglinga og fullorðna.
- Niðurstöður úr fyrstu gagnagreiningum sýna m.a. að:
 - 80% 3 – 5 ára barna hafa aðgang að snjalltækjum.
 - 82% 6 – 7 ára barna hafa aðgang að snjalltækjum.
 - 99% 8 – 9 ára barna hafa aðgang að snjalltækjum.
 - 19% 3 – 5 ára barna byrjuðu að nota snjalltæki fyrir tveggja ára aldur.
 - 44% 3 – 5 ára barna byrjuðu að nota snjalltæki fyrir þriggja ára aldur.

„Eitt af því sem er að koma í ljós hjá okkur í þessari rannsókn er að mörg börn á fyrsta eða öðru ári eru talsvert mikið í snjallsímum eða tölvum.“ (Eiríkur Rögnvaldsson, 2018).

Fræðsla til foreldra ungra barna í Hafnarfirði

Tilraunaverkefni

- Samstarf Fræðslu- og frístundapjónustu við Bókasafn Hafnarfjarðar og ung barnaeftirlitið um að styðja við foreldra ungra barna hvað varðar málþroska og undirstöðupætti læsis.
- Verkefnið hefur það að markmiði að fræða foreldra ungra barna um þróun málþroska og hvernig hægt er að styðja við hann á markvissan hátt.
- Foreldrum/forráðamönnum 6 – 24 mánaða barna verður boðið á fræðslufyrirlestur um málþroska og undirstöðupætti læsis. Fundirnir verða haldnir í grunnskólum bæjarins og verða foreldrar boðnir á fund í sínu skólahverfi.
 - Fyrirlestur - bókagjöf - bókataska – bókasafnsskírteini fyrir barnið - bæklingur um mál og læsi.
- Foreldrum/forráðamönnum barna sem eru að hefja leikskólagöngu verður síðar einnig boðið á fræðslufund þar sem m.a. verður fjallað um málþroska og undirstöðupætti læsis.

Lestur er lífsins leikur

Fræðslufundur um mikilvægi málþroska
Fyrir foreldra 6 - 24 mánaða barna í Hafnarfirði

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að góður málþroski er mikilvæg undirstaða fyrir læsi og styður við góðan námsárangur

Dagskrá funda

- Fræðsluerindi um málþroska og málörvun flutt af talmeinafræðingum sveitarfélagsins
- Stutt kynning á Bókasafni Hafnarfjarðar og þjónustu þess við börn
- Afhending bókaþjálfa og bókasafnsskirteinis fyrir barnið

25. sept	kl. 20:00	Setbergsskóli	
27. sept	kl. 20:00	Víðistaðaskóli	
9. okt	kl. 20:00	Hvaleyrarskóli	
10. okt	kl. 20:00	Hraunvallaskóli	
11. okt	kl. 17:00	Öldutúnsskóli	
18. okt	kl. 17:00	Lækjarskóli	
25. okt	kl. 17:00	Stekkjarás	
31. okt	kl. 20:00	Hvaleyrarskóli	Túlkað á pólsku
1. nóv	kl. 17:00	Lækjarskóli	Túlkað á ensku
1. nóv	kl. 17:00	Skarðshlíðarskóli	

Ef fundartíminn hentar ekki er ykkur frjálst að mæta á fund í öðru skólahverfi



Hvernig fræðsla verður í boði?

- Stutt fræðileg umfjöllun um málþroska og læsi:
 - Grunnþættir málþroskans - að þekkja helstu frávík.
 - Þróun málþroska frá 0 – 2ja ára.
 - Undirstöðupættir læsis – hvernig grunnurinn er lagður í bernsku.
- Hagnýt umfjöllun um málörvun:
 - Mikilvægi gagnkvæmra tjáskipta frá fæðingu.
 - Mikilvægi þess að hafa nægt ílag á viðkomandi tungumáli (íslenska/móðurmál – enska)?
 - Er nóg að eiga stakar gæðastundir þar sem málörvun á sér stað?
 - Hvernig hægt er að nýta daglegar aðstæður til málörvunar.
 - Mikilvægi bóklesturs.
 - Notkun snjalltækja og hugsanleg áhrif þeirra á málþroska barna.

Hlutverk frístundaheimila hvað varðar málþroska og læsi

- Hlutfall barna á yngsta stigi sem dvelja á frístundaheimlum í Hafnarfirði (3-4 klst. á dag):
 - 1. bekkur; um 80-90%
 - 2. bekkur; um 70-80%
 - 3. bekkur; um 20%
 - 4. bekkur; um 5%
- Frístundaheimilin koma inn sem aðilar að læsisstefnunni.
- Stefnumótun til eflingar máls og læsis á frístundaheimilum:

Fræðsla til starfsfólks frístundaheimila um málþroska og málörvun:

- Þróun málþroska og tengsl hans við læsi.
- Hvernig má nýta daglegar aðstæður til að efla orðaforða og málþroska barna,?
- Hvernig má nýta ýmis spil og leiki til að efla málþroska barna?
- Hvernig má styðja við íslenskunám tvítyngdra barna t.d. með *Gefðu 10* (Fríða Bjarney Jónsdóttir, 2018).
- Hvernig best er að lesa fyrir börn?
- Hvernig er best að búa til notalegar aðstæður fyrir bóklestur?
- Val á bókum o.fl.

Hlutverk dagforeldra hvað varðar málproska og læsi

- Dagforeldrar koma inn sem aðilar að læsisstefnunni.
- Fræðsla til starfsfólks um málproska og málörvun og hvernig er hægt að nýta daglegar aðstæður til að efla málproska barna.
- Hvatt til þess að hafa góðan aðgang að bókum fyrir börnin.
- Hvatt til þess að það sé lesið daglega fyrir börnin.
- Fræðsla til dagforeldra um;
 - mikilvægi málproska fyrir læsi.
 - hvað er eðlilegur málproski á mismunandi aldursbilum?
 - að þekkja helstu frávík í málproska og hvernig á að bregðast við.
 - hvernig á að lesa fyrir ung börn?
 - val á bókum o.fl.

Hlutverk dagforeldra frh.

- Gátlisti fyrir dagforeldra í Hafnarfirði, þar sem fjallað er um viðmið fyrir eðlilegan málþroska og hvernig einkenni um frávík frá eðlilegum málþroska birtast hjá börnum á aldrinum 0-3 ára (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2018).
- Óskað verður eftir upplýstu samþykki foreldra fyrir því að dagforeldri meti stöðu barns skv. listanum.

Fræðsla til foreldra leik- og grunnskólabarna um mál og læsi

- Reglulega séu haldnir fræðslufundir um mál- og læsi fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum.
- Efni funda taki mið af aldri viðkomandi barna og viðfangsefnum sem einkenna það aldurstig.
- Fræðslan verði að hluta til fræðileg en megináhersla lögð á hagnýta fræðslu.
- Námskeið fyrir kennara þar sem fjallað verður um hvernig hægt er að byggja upp slíka fundi.
- **Leikskóli:**
 - Móttökuviðtal
 - Árlegir fræðslufundir um málproska og undirstöðupætti læsis.
- **Grunnskóli:**
 - 1. bekkur – Málproski og læsi - umskráning og lesskilningur.
 - 3. bekkur – Málproski, lesfimi og lesskilningur
 - 5. bekkur – Hugtakaskilningur og lesskilningur
 - 8. bekkur – Hugtakaskilningur og lesskilningur

Heimildir

- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2018). Gátlisti fyrir dagforeldra í Hafnarfirði. Óútgefið efni.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2018). *Íslenskan ekki að deyja út á næstu árum*. Morgunvaktin, RUV 13.07.2018. Sótt 7. ágúst 2018 af: <http://www.ruv.is/frett/islenskan-ekki-ad-deyja-ut-a-naestu-arum>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2018). *Að læra annað mál í skóla, hvað er sérstakt við Ísland?* Sótt af: <https://vimeo.com/264602432>
- Fríða Bjarney Jónsdóttir. (2018). *Gefðu 10*. Óútgefið efni.
- Hart, B., og Risley, T. R. (1995). *Meaningful differences in the everyday experience of young American children*. Baltimore: Brookes.
- Linda Björk Markúsardóttir. (2015). „Ég kann þetta ekkert á íslensku“ Sótt 7. ágúst 2018 af: <http://www.visir.is/g/2015704149993>
- Romeo, R.R., Leonard, J.A., Robinson, S.T., West, M.R., Mackey, A.P., Rowe, M.L. & Gabrieli, J.D.E. (2018). Beyond the 30-Million-Word Gap: Children's Conversational Exposure Is Associated With Language-Related Brain Function. *Psychological Science*.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2016). *Íslenska á tölvuöld: Aukin notkun snjalltækja þegar haft áhrif á málkunnáttu barna?* Sótt 8. ágúst af af: <http://www.visir.is/g/2016160319355>
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018). *Modeling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact*. Fyrirlestur fluttur á Early Language Learning Conference, Reykjavík.